

# Samantekinn ársreikningur 2009



Akraneskaupstaður

## Áritun endurskoðenda

Til Bæjarstjórnar Akraness.

Við höfum endurskoðað ársreikning Akraneskaupstaðar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins en engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Ársreikningurinn greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits kaupstaðarins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Akraneskaupstaðar á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akranesi, 25. maí 2010.



Endurskoðunarskrifstofa JPH

  
Löggiltur endurskoðandi

Við, kjörnir skoðunarmenn Akraneskaupstaðar, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akranesi, 1. maí 2010.

Kjörnir skoðunarmenn

## Áritun stjórnenda

Ársreikningur Akraneskaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 3.467,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.331,6 millj. kr. Engin B hluta starfsemi er hjá sveitarfélaginu. Álagningarhlutfall útsvars var 13,28%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,31% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hámark þess. Auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi var jákvæð um 59,4 millj. kr., en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 187,2 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 5.373,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Bæjarstjórn Akraness og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Akranesi, 25. maí 2010.

### Bæjarstjórn:

Eyður Ólafsson  
Karen Jónsdóttir  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Ólafsson



## Rekstrarreikningur ársins 2009

Tekjur:	Skýr.	2009	Áætlun þús. króna	2008
Útsvör og fasteignaskattar .....		2.462.254.222	2.434.360	2.337.635.623
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		336.248.467	310.868	334.732.104
		<u>2.798.502.689</u>	<u>2.745.228</u>	<u>2.672.367.727</u>
Aðrar tekjur .....	4,20	668.890.452	586.373	657.659.939
		<u>3.467.393.141</u>	<u>3.331.601</u>	<u>3.330.027.666</u>
<b>Gjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	21	1.810.486.824	1.933.760	1.976.812.723
Annar rekstrarkostnaður .....	22	1.227.233.092	1.188.577	1.472.177.983
	5	<u>3.037.719.916</u>	<u>3.122.337</u>	<u>3.448.990.706</u>
Afskriftir .....	9,25	196.103.103	171.663	146.491.398
		<u>3.233.823.019</u>	<u>3.294.000</u>	<u>3.595.482.104</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði .....		233.570.122	37.601	(265.454.438)
<b>Fjármagnsliðir:</b>				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6,7,23	(174.142.143)	(224.753)	(928.154.347)
	1,2,19			
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð) .....	24	<u>59.427.979</u>	<u>(187.152)</u>	<u>(1.193.608.785)</u>
Lykiltölur .....	43			

## Efnahagsreikningur

		Eignir:	
	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir .....	3	3.869.308.666	2.991.554.180
Gatnamannvirki og lóðir .....		707.883.084	696.618.809
Vélar, áhöld og tæki .....		94.400.324	109.630.512
	8,9,25	<u>4.671.592.074</u>	<u>3.797.803.501</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutar .....	10,27	5.267.890.539	5.266.949.055
Langtímakröfur .....	11,28	131.403.511	125.931.250
		<u>5.399.294.050</u>	<u>5.392.880.305</u>
		<b>Fastafjármunir</b>	<b>10.070.886.124</b>
			<b>9.190.683.806</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir .....	12	855.072	904.255
Skammtímakröfur:			
Óinnheimtar tekjur .....		276.595.453	255.613.128
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		11.580.381	13.143.732
Aðrar skammtímakröfur .....		64.509.131	174.855.586
		<u>352.684.965</u>	<u>443.612.446</u>
	13,29		
Handbært fé .....	14	287.363.041	26.066.184
		<u>640.903.078</u>	<u>470.582.885</u>
		<b>Veltufjármunir</b>	<b>470.582.885</b>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings:</b>			
Byggingarland, mannvirki og lausafjármunir .....	15,26,30		
		<b>Eignir samtals</b>	<b>10.711.789.202</b>
	19,34		<b>9.661.266.691</b>

## 31. desember 2009

<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé .....		5.373.220.220	4.507.868.500
Hlutdeild annarra sveitarfélaga .....		5.598.506	6.599.247
Eigið fé samtals	31	<u>5.378.818.726</u>	<u>4.514.467.747</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	16,32	<u>1.981.266.024</u>	<u>1.887.571.402</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	17,33	<u>2.675.734.377</u>	<u>2.493.260.528</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Bankalán .....		137.199.717	212.711.611
Viðskiptaskuldir .....		315.649.887	326.999.807
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		223.120.471	226.255.596
Aðrar skammtímaskuldir .....	35	<u>675.970.075</u>	<u>765.967.014</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>5.332.970.476</u>	<u>5.146.798.944</u>
<b>Liðir utan efnahagsreiknings:</b>			
Ábyrgðir .....	18,36		
Kvöð .....	37		
Samningar .....	38-39		
Önnur mál .....	40-42		
Lykiltölur .....	43		
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>19,34</b>	<u><b>10.711.789.202</b></u>	<u><b>9.661.266.691</b></u>



## Skýringar

---

### Um sveitarfélagið:

1. Akraneskaupstaður er sveitarfélag á vesturodda Akraness á Vesturlandi. Þar bjuggu 6.555 manns þann 1. desember 2009. Stjórnsýsluskrifstofa sveitarfélagsins er að Stíllholti 16-18.

### Reikningsskilin:

#### *Grundvöllur reikningsskilanna*

2. Ársreikningur Akraneskaupstaðar árið 2009 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrarreiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, en allur rekstur þess fellur undir A hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans eignasjóð, Gámu, fasteignafélög Akraneskaupstaðar og Byggðasafnið í Görðum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrarreininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Af viðskiptum milli rekstrarreininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

### Breytingar á reikningsskilaaðferðum:

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

#### *Færsla á lóðum og lendum*

3. Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010, færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing álitins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú færðar á gangvirði, en þó eigi hærri verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Áhrif breytinganna eru færð á eiginfjárreikning. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við þann 31. desember 2009 og eru lóðir og lendur sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis og færðar í efnahag sveitarfélagsins miðað við þann dag. Til samræmis við álitid eru áhrif upptöku reikningsskilaaðferðar færð á eiginfjárreikning þann 31. desember 2009 og hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 804,9 millj. kr. vegna þessa. Upptaka reikningsskilaaðferðar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

### Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.



Skýringar, frh.:

*Innlausn tekna*

4. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og fært í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

*Færsla gjalda*

5. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Verðlags- og gengisviðmið*

6. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

*Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda*

7. Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu af langtímaskuldum. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

*Varanlegir rekstrarfjármunir*

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

*Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

9. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

	Ár
Fasteignir .....	25 og 40
Bifreiðar .....	7
Áhöld og tæki .....	5-7
Götuljósakerfi .....	25
Gatnakerfi .....	25

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### *Eignahlutir í félögum og stofnunum*

10. Hlutabréf Spalar hf. eru færð til eignar á framreiknuðu kaupverði samkvæmt ákvæðum í bréfunum um verðtryggingu þeirra. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði. Eignahlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. og Orkuveitu Reykjavíkur sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003. Eignahluti í Faxaflóahöfnum sf., sem er sameinað félag hafna við Faxaflóa (Akraneshöfn, Grundatangahöfn, Reykjavíkurhöfn og Borgarneshöfn), er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við sameiningu. Eignarhluti í Orkuveitu Reykjavíkur sf. er eignfærður miðað við hlutdeild í eigin fé félagsins í árslok 2006 eftir að Fráveita Akraness og Fráveita Reykjavíkur voru lagðar inn í félagið. Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### *Langtímakröfur*

11. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtíma-krafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### *Birgðir*

12. Birgðir af vörum eru metnar á kostnaðarverði.

#### *Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur*

13. Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

#### *Handbært fé*

14. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### *Eignir utan efnahagsreiknings*

15. Fjárfesting í byggingarlandi, umferðarmannvirkjum og lausafjármunum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### *Lífeyrisskuldbinding*

16. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtíma-skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

**Skýringar, frh.:**

*Langtímaskuldir*

17. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

*Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

18. Yfirlit um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í sundurliðunum ársreikningsins og skýringu.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

19. Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum. Í yfirliti hér að aftan er birt rekstraryfirlit málaflokka í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun.

**Akraneskaupstaður**

**Skýringar, frh.:**

**Rekstrartekjur:**

20. Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur	Áætlun þús. króna
<i>Útsvör og fasteignaskattar</i>		
Útsvar .....	2.138.461.479	2.109.862
Fasteignaskattur .....	289.772.740	290.571
Lóðaleiga .....	34.020.003	33.927
	<u>2.462.254.222</u>	<u>2.434.360</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs</i>		
Framlag vegna fasteignaskatts .....	53.583.237	53.190
Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....	113.017.957	102.647
Framlög vegna grunnskóla .....	60.723.293	58.657
Önnur framlög .....	108.923.980	96.374
	<u>336.248.467</u>	<u>310.868</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>2.798.502.689</u>	<u>2.745.228</u>
<i>Aðrar tekjur</i>		
Þjónustutekjur .....	397.859.149	388.082
Eignatekjur .....	47.392.359	47.126
Vörur og þjónusta til eigin nota .....	13.895.952	2.558
Endurgreiðslur .....	175.295.399	133.174
Aðrar tekjur .....	34.447.593	15.433
	<u>668.890.452</u>	<u>586.373</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>3.467.393.141</u>	<u>3.331.601</u>

**Laun og launatengd gjöld:**

21. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Föst laun .....	1.214.613.289	1.219.518
Yfirvinna .....	157.051.794	165.778
Eftirlaun og lífeyrisskuldbinding .....	128.177.202	229.660
Launatengd gjöld .....	300.836.226	312.395
Annar starfsmannakostnaður .....	9.808.313	6.409
	<u>1.810.486.824</u>	<u>1.933.760</u>

Á árinu voru í starfi hjá Akraneskaupstað um 585 starfsmenn sem skiluðu 334 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslur bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 36,3 millj. kr. á árinu.

**Annar rekstrarkostnaður:**

22. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Ársreikningur	Áætlun
Vörukaup og viðhaldsvörur .....	128.796.563	104.223
Prentun, sími, flutningsgjöld og auglýsingar .....	50.869.667	52.793
Risna og ferðakostnaður .....	9.122.022	5.638
Sérfræðiþjónusta .....	86.758.496	82.513
Ýmis aðkeypt þjónusta .....	487.253.303	477.398
Leigugreiðslur .....	81.325.323	75.064
Orkukaup .....	43.400.521	43.230
Mannvirkjagerð og viðhald .....	40.816.019	61.511

## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

	Ársreikningur	Áætlun
Vátryggingar og opinber gjöld .....	15.133.296	14.823
Styrkir og framlög .....	266.660.084	267.384
Niðurfærsla og annar kostnaður .....	17.097.798	4.000
	1.227.233.092	1.188.577

### Fjármagnsliðir:

#### 23. Fjármagnsliðir greinast þannig:

##### *Fjármunatekjur:*

Arður af eignahlutum .....	76.917.598	81.430
Vaxtatekjur og verðbætur .....	62.381.280	16.640
	139.298.878	98.070

##### *Fjármagnsgjöld:*

Vaxtagjöld og verðbætur .....	225.099.444	325.856
Gengismunur .....	84.277.900	85.000
Fjármagnstekjuskattur .....	4.063.677	2.017
	313.441.021	322.823

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(174.142.143)	(224.753)
--	---------------	-----------

### Heildaryfirlit um rekstur:

24. Yfirlit um rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins í samanburði við upphaflega áætlun og endurskoðaða áætlun, er hér að aftan.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir:

#### 25. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatna- mannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun .....	4.504.762.234	891.891.206	194.437.316	5.591.090.756
Afskrifað áður .....	(1.513.208.060)	(195.272.398)	(84.806.795)	(1.793.287.253)
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.991.554.174	696.618.808	109.630.521	3.797.803.503
Viðbót á árinu .....	209.854.831	42.838.518	19.704.181	272.397.530
Endurmat leigulóða .....	804.923.000			804.923.000
Selt/Fært út á árinu .....			(7.428.856)	(7.428.856)
Afskrifað á árinu .....	(137.023.339)	(31.574.242)	(27.505.522)	(196.103.103)
Bókfært verð í árslok .....	3.869.308.666	707.883.084	94.400.324	4.671.592.074
Heildarverð samtals .....	5.519.540.065	934.729.724	214.141.497	6.668.411.286
Afskrifað samtals .....	(1.650.231.399)	(226.846.640)	(119.741.173)	(1.996.819.212)
Bókfært verð í árslok .....	3.869.308.666	707.883.084	94.400.324	4.671.592.074
Afskriftarhlutföll .....	2,5-10%	4%	15-20%	

**Akraneskaupstaður**

**Skýringar, frh.:**

**Fjárfesting**

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2009 greinast þannig:

<i>Fasteignir</i>	Fjárfesting ársins	Fjárfesting áætlun
Skólamannvirki .....	22.248.174	29.563.000
Íþróttamannvirki .....	8.858.656	9.528.000
Annað þjónustuhúsnæði .....	178.748.001	179.157.000
	<u>209.854.831</u>	<u>218.248.000</u>
 <i>Aðrar eignir</i>		
Götur og gangstígar .....	39.913.928	37.495.000
Götulýsing .....	2.924.590	1.000.000
Áhöld og tæki .....	19.704.181	21.889.000
	<u>62.542.699</u>	<u>60.384.000</u>
 Fjárfesting samtals .....	 <u>272.397.530</u>	 <u>278.632.000</u>

**Fasteignamat og vátryggingarverð**

Vátryggingarmat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Flatarmál m <sup>2</sup>	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Grunnskólar .....	11.509	1.086.290.000	2.662.850.000	993.862.286
Leikskólar .....	3.122	315.566.000	738.850.000	485.711.589
Framhaldsskólar .....	5.414	174.342.000	419.900.000	161.379.757
Íþróttamannvirki .....	16.421	777.499.000	1.927.040.000	704.695.885
Safnahús .....	2.487	280.650.000	567.450.000	374.150.235
Aðrar þjónustubyggingar .....	4.309	375.300.000	730.860.000	283.049.274
Leiguíbúðir .....	1.622	608.460.000	1.066.360.000	43.695.640
Leigulóðir .....				804.923.000
Gatnamannvirki og lóðir .....				707.883.084
Vélar, áhöld og tæki .....				94.400.324
Samtals .....	<u>44.884</u>	<u>3.618.107.000</u>	<u>8.113.310.000</u>	<u>4.653.751.074</u>

**Tryggingarverð lausafjármuna**

26. Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

	Vátryggingamat
Fræðslu- og uppeldismál .....	399.833.000
Menningarmál .....	514.329.000
Æskulýðs- og íþróttamál .....	135.071.000
Brunamál og almannavarnir .....	37.545.000
Sameiginlegur kostnaður .....	79.185.000
Samtals .....	<u>1.165.963.000</u>

## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

### Eignarhlutir:

#### 27. Eignarhlutir í félögum og stofnunum greinast þannig:

	Eignarhlutur %	Bókfært verð
<i>Hlutabréf</i>		
Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf. ....	100,00	500.000
HB Grandi hf. ....	óverulegur	317.720
Landskerfi bókasafna hf. ....	1,06	1.440.079
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	2,41	213.285.000
Sorpurðun Vesturlands hf. ....	36,00	8.011.752
Spölur hf. ....	8,73	15.531.977
		<u>239.086.528</u>
<i>Sameignarfélög</i>		
Dvalarheimilið Höfði ....	90	307.072.829
Fjöliðjan á Akranesi ....	9,9	2.238.984
Faxaflóahafnir sf. ....	10,7	962.975.717
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ....	38	(1.020.878)
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi ....	36	6.491.697
Símenntunarmiðstöð Vesturlands ....	30	1.857.208
Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin Akranesi ....	15	63.628.731
Orkuveita Reykjavíkur sf. ....	5,528	3.685.559.723
		<u>5.028.804.011</u>
Samtals eignarhlutar .....		<u>5.267.890.539</u>

### Langtímakröfur:

#### 28. Yfirlit um langtímakröfur:

Vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2009.

	Nafnvextir	
Langtímakröfur, neysluverðsvísitala .....	0%	133.403.511
Langtímakröfur, óverðtryggðar .....	14%	11.580.381
		<u>144.983.892</u>
Næsta árs afborganir .....		<u>(13.580.381)</u>
		<u>131.403.511</u>

Samkvæmt lánasamningum greiddast afborganir langtímakrafna þannig:

Árið 2010 .....	13.580.381
Árið 2011 .....	2.000.000
Árið 2012 .....	2.000.000
Árið 2013 .....	2.000.000
Árið 2014 .....	2.000.000
Síðar .....	<u>123.403.511</u>
	<u>144.983.892</u>

### Skammtímakröfur og verðbréf:

#### 29. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	32.900.000
Afskrifaðar kröfur .....	(3.449.316)
Gjaldfærð niðurfærsla ársins .....	<u>9.899.316</u>
	<u>39.350.000</u>

## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

#### Eignir utan efnahagsreiknings:

30. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tilteknar eignir aðalsjóðs verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða byggingarland og umferðarmannvirki í eigu Akraneskaupstaðar sem keypt var fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfært í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað.

#### Eigið fé:

31. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun.....	500.000	4.513.967.747	4.514.467.747
Endurmat leigulóða.....		804.923.000	804.923.000
Rekstrarniðurstaða ársins.....		59.427.979	59.427.979
	<u>500.000</u>	<u>5.378.318.726</u>	<u>5.378.818.726</u>

#### Lífeyrisskuldbinding:

32. Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og B deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 33,4 millj. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Breyting á lífeyrisskuldbindingunni á árinu greinist þannig:

Skuldbinding í ársbyrjun .....	1.918.571.402
Reiknuð breyting ársins .....	128.326.110
Greiddur lífeyrir .....	<u>(33.259.488)</u>
	2.013.638.024
Áætluð næsta árs greiðsla .....	<u>(32.372.000)</u>
	<u>1.981.266.024</u>

#### Langtímaskuldir:

33. Yfirlit um langtímaskuldir:

Vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör í árslok 2009.

Skuldir í USD, vextir 0,7-3% .....	165.013.491
Skuldir í GBP, vextir 3,35% .....	35.829.833
Skuldir í JPY, vextir 0,74% .....	25.879.394
Skuldir í CHF, vextir 0,69% .....	72.922.018
Skuldir í SEK, vextir 3,23% .....	30.969.979
Skuldir í EUR, vextir 1,12-3,42% .....	1.223.155.114
Skuldir í íslenskum krónum, vextir 0-8,85% .....	<u>1.405.242.435</u>
	2.959.012.264
Næsta árs afborganir .....	<u>(283.277.887)</u>
	<u>2.675.734.377</u>



## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Gengisbundin lán	Verðtryggð lán	Samtals
Staða lána í ársbyrjun .....	1.644.923.120	1.137.828.033	2.782.751.153
Tekin ný lán .....		250.000.000	250.000.000
Afborganir af lánnum .....	(175.431.191)	(92.251.952)	(267.683.143)
Verðbætur og gengismunur .....	84.277.900	109.666.354	193.944.254
	1.553.769.829	1.405.242.435	2.959.012.264
Næsta árs afborganir .....	(186.711.502)	(96.566.385)	(283.277.887)
	1.367.058.327	1.308.676.050	2.675.734.377

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímaskulda þannig:

Árið 2010 .....	283.277.887
Árið 2011 .....	313.580.374
Árið 2012 .....	308.050.994
Árið 2013 .....	301.995.025
Árið 2014 .....	292.488.570
Síðar .....	1.459.619.414
	2.959.012.264

### Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A hluta í árslok:

34. Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinast þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður .....	100%	8.238.198.613	2.348.858.173	5.889.340.440
Eignasjóður .....	100%	3.244.782.729	3.308.943.894	(64.161.165)
Fasteignafélag ehf. ....	100%	455.524		455.524
Fasteignafélag slf. ....	100%	1.384.119.098	1.876.055.916	(491.936.818)
Gáma .....	100%	20.889.464	31.753.778	(10.864.314)
Byggðasafn .....	90%	75.404.580	25.018.027	50.386.553
A hluti samtals .....		12.963.850.008	7.590.629.788	5.373.220.220
Hlutdeild annarra sveitarfélaga .....	10%	8.378.287	2.779.781	5.598.506
Heildarstaða eigna og skulda í A hluta .....		12.972.228.295	7.593.409.569	5.378.818.726

### Aðrar skuldbindingar og samningar:

35. Gjaldmiðlasamningar:

Sveitarfélagið var með vaxta- og gjaldmiðlasamninga við Landsbankann þegar bankinn var yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu í október 2008. Samkomulag hefur tekist um uppgjör þessara samninga á árinu 2010 og er skuld sveitarfélagsins í árslok færð miðað við það samkomulag.

36. Ábyrgðir:

Akraneskaupstaður er í ábyrgð fyrir lánnum að eftirstöðvum 32,8 millj. kr. vegna lögaðila, stofnana og einstaklinga. Jafnframt er aðalsjóður í hlutfallslegri ábyrgð fyrir skuldbindingum eigin fyrirtækja og stofnana, svo sem Orkuveitu Reykjavíkur sf., Faxaflóahafna sf., Dvalarheimilisins Höfða og annarra sameignarfélaga sbr. skýringu nr. 27. Akraneskaupstaður fær greitt ábyrgðargjald vegna ábyrgðar á lánnum Orkuveitunar sem er fast hlutfall af höfuðstól lána og er reiknað í samræmi við lög um ríkisábyrgðir.

## Akraneskaupstaður

### Skýringar, frh.:

37. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf. hefur fengið sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu fasteignar skv. II. kafla reglugerðar nr. 577/1989. Með skráningunni tekur félagið á sig kvöð um leiðréttingu innskatts verði breytingar á notkun fasteignarinnar sem hefur för með sér breytingu á frádráttarrétti innskatts sem nam í árslok um 254 millj. króna.

### 38. Þjónustu- og verksamningar:

Í árslok eru í gildi ýmsir verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sveitarfélagið á næstu árum. Jafnframt hafa verið gerðir samningar um framlög til verkefna, s.s. menningarmála, íþróttamála o.fl. til lengri tíma. Skuldbinding vegna þessara samninga er ekki færð í ársreikninginn, en útgjöld vegna þeirra eru gjaldfærð þegar þau falla til.

### 39. Húsaleigusamningar:

Sveitarfélagið hefur gert samninga um leigu húsnæðis vegna reksturs rekstrareininga. Um er að ræða 10 samninga, sem eru tímabundnir frá árslokum í 0,5-7 ár. Nafnverðsskuldbinding vegna þessara samninga miðað við að þeir séu efndir, nam í árslok um 38 millj. kr.

### Önnur mál:

#### 40. Ágreiningsmál:

Í árslok eru í gangi ágreiningsmál á milli sveitarfélagsins og aðila sem beint hafa fjárkröfum að sveitarfélaginu m.a. vegna skipulags- og byggingarmála. Ekki liggur fyrir dómur eða sátt í þessum málum í árslok.

#### 41. Áhættumat:

Akraneskaupstaður á 5,528% í Orkuveitu Reykjavíkur sf. Einn af stærstu áhættuþáttum fyrirtækisins er þróun erlendra lána og gengishreyfingar. Staða erlendra lána OR sf. í árslok 2009 var 214.310 mkr. eða um 91% af heildarlangtímaskuldum félagsins. Áhætta Akraneskaupstaðar af eignarhlut í félaginu er falin í þeim möguleika að OR geti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar vegna lána og þurfi á fjármögnun eigenda að halda. Ekki liggur fyrir áhættumat vegna áhættu Akraneskaupstaðar af eignarhlut í Orkuveitu Reykjavíkur. Bókfært verð eignarhlutans í ársreikningi Akraneskaupstaðar er fært eins og fram kemur í skýringu nr. 10.

#### 42. Tengdir aðilar:

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu, en viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Akraneskaupstaður

Skýringar, frh.:

Lykiltölur:

43. Lykiltölur greinast þannig:	2009	Áætlun	2008	2007	2006	2005
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar.....	61,67%	63,33%	59,43%	62,35%	62,74%	63,03%
Fasteignaskattur.....	8,36%	8,72%	9,77%	8,77%	7,76%	6,89%
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	9,70%	9,33%	10,05%	10,87%	10,47%	10,38%
Lóðarleiga.....	0,98%	1,02%	0,99%	0,92%	0,81%	0,64%
Skatttekjur samtals.....	80,71%	82,40%	80,25%	82,91%	81,79%	80,94%
Aðrar tekjur.....	19,29%	17,60%	19,75%	17,09%	18,21%	19,06%
Rekstrartekjur samtals.....	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	52,21%	58,04%	59,36%	52,77%	54,80%	65,86%
Annar rekstrarkostnaður.....	35,39%	35,68%	44,21%	41,99%	38,82%	32,33%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskiftir.....	12,39%	6,28%	(3,57%)	5,24%	6,38%	1,80%
Afskiftir.....	5,66%	5,15%	4,40%	4,47%	5,21%	4,91%
Fjármagnsliðir.....	(5,02%)	(6,75%)	(27,87%)	4,95%	(1,80%)	4,43%
	98,29%	105,62%	135,84%	94,28%	100,63%	98,68%
Rekstrarniðurstaða.....	1,71%	(5,62%)	(35,84%)	5,72%	(0,63%)	1,32%
Veltufé frá rekstri.....	16,53%	12,00%	5,99%	15,27%	12,60%	17,31%
Fjárfestingarhreyfingar.....	17,14%	24,43%	17,84%	20,93%	12,08%	16,32%
<b>Í krónum á íbúa:</b>						
	2009	2008	2007	2006	2005	2004
<b>Rekstur</b>						
Skatttekjur .....	426.926	403.072	370.949	336.474	298.660	265.425
Aðrar tekjur.....	102.043	99.195	76.442	74.930	70.315	97.166
Laun og launatengd gjöld.....	276.199	298.162	236.076	225.433	243.014	209.131
Annar rekstrarkostnaður.....	217.137	244.143	207.860	181.165	137.420	155.721
Fjármagnsliðir.....	(26.566)	(139.993)	22.144	(7.413)	16.337	14.553
Rekstrarniðurstaða.....	9.067	(180.031)	25.599	(2.607)	4.878	12.292
<b>Efnahagur</b>						
Eignir.....	1.634.140	1.457.205	1.433.195	1.352.327	1.108.358	1.008.818
Eigið fé.....	820.567	680.915	899.618	880.578	684.586	599.527
Skuldir og skuldbindingar.....	813.573	776.290	533.577	471.749	423.772	409.291
<b>Sjóðstreymi</b>						
Veltufé frá rekstri.....	87.413	30.085	68.310	51.840	63.877	61.630
Handbært fé frá rekstri.....	93.887	26.700	64.750	49.681	60.220	58.257
<b>Aðrar lykiltölur:</b>						
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við langtíma- skuldir og skuldbindingar mælt í árum.....	8,13	21,96	6,44	7,54	5,45	5,76
Veltufjárlutfall.....	0,95	0,61	1,36	1,03	1,16	1,31
Eiginfjárlutfall.....	0,50	0,47	0,63	0,65	0,62	0,59
Útsvarsprósenta.....	13,28%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattsprósenta A-liður.....	0,31%	0,310%	0,360%	0,352%	0,431%	0,431%
Fasteignaskattsprósenta B-liður.....	1,32%	1,320%	1,500%	1,275%	1,275%	1,275%
<b>Íbúaföldi:</b>						
Íbúaföldi 1. desember.....	6.555	6.630	6.345	5.955	5.782	5.657
Breyting frá fyrra ári.....	(1,13%)	4,49%	6,55%	2,99%	2,21%	1,23%

## Rekstraryfirlit árið 2009

Fjárhæðir eru í þús. kr.	Tekjur	Laun og launategd	Framlög og styrkir	Innri leiga/þjónusta	Annar rekstrar-kostnaður	Afskriftir	Fjármagns- liðir, nettó	Rekstrar- gjöld nettó	Rekstrar- niðurstaða	Endursk. áætlun	Frávik endursk. áætlun	Upphafleg áætlun	Frávik upphafleg áætlun
<b>Aðalsjóður:</b>													
00 - Skatttekjur .....	2.803.827								2.803.826	2.756.483	47.343	2.604.944	198.882
02 - Félagþjónusta .....	160.622	94.709	232.698	19.794	57.543			404.744	(244.122)	(267.975)	23.853	(261.050)	16.928
04 - Fræðslu- og uppeldismál .....	212.357	1.168.062	4.479	401.761	149.239			1.723.541	(1.511.184)	(1.543.787)	32.603	(1.421.706)	(83.478)
05 - Menningarmál .....	7.297	39.167	36.035	36.703	35.304			147.209	(139.912)	(131.590)	(8.322)	(123.013)	(16.899)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál .....	239.412	144.697	192.465	177.899	46.112			561.173	(321.761)	(324.435)	2.674	(304.427)	(17.334)
07 - Brunamál og almannavarnir .....	13.511	25.996	2.997	13.721	13.605			56.319	(42.808)	(45.727)	2.919	(42.986)	178
08 - Hreinlætismál .....	50.296		3.154	1.158	56.516			60.828	(10.532)	(11.350)	818	(11.329)	797
09 - Skipulags- og byggingamál .....	16.724	23.754		6.528	13.902			44.184	(27.460)	(34.813)	7.353	(27.227)	(233)
10 - Umferðar- og samgöngumál .....	4.416			101.151	35.642			136.793	(132.377)	(136.827)	4.450	(124.965)	(7.412)
11 - Umhverfismál .....	4.456	12.095	155	4.787	19.853			24.795	(20.339)	(25.941)	5.602	(22.671)	2.332
13 - Atvinnumál .....	20.746		3.043	3.957	96.809			115.904	(95.158)	(94.481)	(677)	(72.405)	(22.753)
20 - Framlög til B hluta fyrirt. ....	127.738	156.584	7.933	970	128.081			129.051	(1.313)	(268.534)	3.256	(278.636)	13.358
21 - Sameiginlegur kostnaður .....	25.939	71.781		19.096	107.604			291.217	(265.278)	(180.000)	108.219	(180.000)	108.219
22 - Áfallin lífevriskskipting .....								71.781	(71.781)	(180.000)	108.219	(180.000)	108.219
Málaflokkar samtals	3.687.341	1.736.845	482.959	787.525	760.210	0	0	3.767.539	(80.199)	(308.977)	228.778	(271.471)	191.272
28 - Fjármagnsliðir													
28 - Vaxtagjöld .....							12.606	12.606	(12.606)	(11.007)	(1.599)	(14.667)	2.061
28 - Vaxtagjöld, eigin fyrirtæki .....							571	571	(571)	(571)	(571)		(571)
28 - Vaxtatekjur og arður .....							(139.232)	(139.232)	139.232	98.050	41.182	94.050	45.182
28 - Vaxtatekjur, eigin fyrirtæki .....							(280.749)	(280.749)	280.749	279.000	1.749	346.761	(66.012)
Samtals	3.687.341	1.736.845	482.959	787.525	760.210	0	(406.804)	4.174.343	326.605	57.066	269.539	154.673	171.932
Par af innri viðskipti	(221.809)			(221.809)		0		(221.809)	0				
Aðalsjóður samtals	3.465.532	1.736.845	482.959	565.716	760.210	0	(406.804)	3.952.534	326.605	57.066	269.539	154.673	171.932
<b>Aðrir sjóðir í A hluta:</b>													
Eignasjóður .....	745.850	47.154		29.797	236.543	145.564	346.277	805.335	(59.485)	(53.993)	(5.492)	(73.218)	13.733
Fasteignafélag Akraneskaupsstaðar síf .....	88.756	568		162	17.553	41.240	230.102	289.625	(200.869)	(191.674)	(9.195)	(137.857)	(63.012)
Fasteignafélag Akraneskaupsstaðar ehf .....							(44)	(44)	44	20	24	20	24
Gláma .....	60.950	2.470		1.771	47.211	1.992	4.366	57.810	3.140	5.932	(2.792)	1.406	1.734
Byggðasafn .....	41.225	23.451			19.025	7.307	959	51.232	(10.007)	(4.503)	(5.504)	(1.878)	(8.129)
Samtals	936.781	73.643		31.730	320.332	196.103	581.660	1.203.958	(267.177)	(244.218)	(22.959)	(211.527)	(55.650)
Par af innri viðskipti	(937.330)			(861.230)	(51.188)			(937.330)					
Aðrir sjóðir	(549)	73.643		(829.500)	269.144	196.103	581.660	266.628	(267.177)	(244.218)	(22.959)	(211.527)	(55.650)
Samtals fyrir A hluta	3.464.983	1.810.488	458.537	(263.784)	1.029.354	196.103	174.856	4.219.162	59.428	(187.152)	246.580	(56.854)	116.282